Ellilífeyrisþegi	183	10,4%	89,6%
Annað	163	25,8%	74,2%

* Marktækur munur á milli hópa


Sp. 11. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varst þú með þá þjónustu sem þú fékkst hjá lögreglu vegna samskipta við hana á síðasta ári?

(ef svarað já við spurningu 9 og 10)

Svör	Fjöldi	Hlutfall %
Mjög ánægð(ur)	257	38,4
Frekar ánægð(ur)	253	37,7
Frekar óánægð(ur)	91	13,6
Mjög óánægð(ur)	70	10,4
Fjöldi svarenda	671	100

Um 76% svarenda voru mjög eða frekar ánægðir með þá þjónustu sem þeir fengu hjá lögreglunni á síðasta ári. Árið 2008 voru það 79% en 74% árið 2007.

Flestir svarendur voru mjög ánægðir með þjónustuna á Suðurlandi, eða um 61%. Fæstir voru mjög ánægðir með þjónustuna á Austurlandi (32%). Um 27% svarenda á höfuðborgarsvæðinu voru mjög eða frekar óánægðir með þjónustuna og um 25% svarenda á Suðurnesjum.



	Fjöldi svára	Mjög ánægð(ur)	Frekar ánægð(ur)	Frekar óánægð(ur)	Mjög óánægð(ur)
Kyn					
Karlar	343	34,1%	39,4%	16,0%	10,5%
Konur	326	42,9%	35,9%	11,0%	10,1%
Aldur					
18-25 ára	74	32,4%	31,1%	21,6%	14,9%
26-35 ára	131	38,2%	38,2%	13,7%	9,9%
36-45 ára	158	40,5%	35,4%	12,0%	12,0%
46-55 ára	150	34,7%	44,7%	11,3%	9,3%
56-65 ára	125	44,8%	36,0%	15,2%	4,0%
66 ára og eldri	33	36,4%	33,3%	9,1%	21,2%
Búseta*					
Höfuðborgarsvæðið	425	33,4%	39,5%	15,8%	11,3%
Suðurnes	52	46,2%	28,8%	13,5%	11,5%
Vesturland/Vestfirðir	53	39,6%	43,4%	9,4%	7,5%
Norðurland	64	50,0%	32,8%	9,4%	7,8%
Austurland	25	32,0%	56,0%	0,0%	12,0%
Suðurland	51	60,8%	23,5%	9,8%	5,9%
Menntun					
Grunnskólapróf	106	45,3%	32,1%	9,4%	13,2%
Starfsnám í framhaldsskól	58	34,5%	25,9%	27,6%	12,1%
Framhaldsskólapróf/iðnmenntun	211	37,4%	39,3%	11,8%	11,4%
Háskólapróf	269	37,9%	40,9%	13,8%	7,4%
Annað	6	50,0%	33,3%	0,0%	16,7%
Atvinna*					
Launþegi	427	41,2%	37,7%	13,1%	8,0%
Atvinnurekandi	102	32,4%	45,1%	9,8%	12,7%
Nemi	60	26,7%	35,0%	21,7%	16,7%
Ellilífeyrisþegi	23	30,4%	26,1%	17,4%	26,1%
Annað	52	44,2%	34,6%	11,5%	9,6%


* Marktækur munur á milli hópa

Sp. 12. Hversu oft sérð þú lögreglumann eða lögreglubíl í þínu hverfi/byggðarlagi að jafnaði? (Hér er ekki átt við sýnileika lögreglu t.d. í fjölmiðlum)

Svör	Fjöldi	Hlutfall %
Oft á dag	62	2,9
Daglega	155	7,4
Nær daglega	145	6,9
Tvisvar til þrisvar í viku	229	11,0
Vikulega	304	14,5
Tvisvar til þrisvar í mánuði	281	13,4
Einu sinni í mánuði	273	13,1
Sjaldnar en mánaðarlega	437	20,9
Aldrei	205	9,8
Fjöldi svarenda	2.091	100

Um 17% svarenda sjá lögreglumann eða lögreglubíl í byggðarlagi sínu nær daglega eða oftar, það er minna en árið 2008 (30%) og árið 2007 (32%). Um 10% svarenda segjast aldrei sjá lögreglumann eða lögreglubíl í byggðarlagi sínu.

Svarendur með háskólamenntun sjá lögreglumann eða lögreglubíl sjaldnar en fólk með annars konar menntun.



*Var ekki valmöguleiki árið 2007.

Eldri svarendur sjá lögreglumann eða lögreglubíl sjaldnar en yngri fólkið. Íbúar á höfuðborgarsvæðinu sjá lögreglumann eða lögreglubíl sjaldnar en íbúar á landsbyggðinni. Um 30% íbúa á Austurlandi sér lögreglubíl eða lögreglumann nær daglega eða oftar.

	Fjöldi svara	Aldrei	Sjaldnar en mánaðarlega	Einu sinni í mánuði	Tvisvar til þrisvar í mánuði	Vikulega	Tvisvar til þrisvar í viku	Nær daglega	Daglega	Oft á dag
Kyn*										
Karlar	1043	7,2%	19,0%	15,4%	13,8%	15,1%	11,2%	7,1%	8,1%	3,0%
Konur	1049	12,4%	22,7%	10,7%	13,1%	13,9%	10,8%	6,8%	6,8%	3,0%
Aldur*										
18-25 ára	223	8,1%	14,8%	13,5%	17,5%	13,0%	12,6%	7,6%	6,3%	6,7%
26-35 ára	332	6,3%	17,5%	16,0%	13,6%	17,5%	11,7%	6,0%	7,8%	3,6%
36-45 ára	453	9,1%	22,3%	14,3%	14,1%	14,6%	11,7%	5,7%	6,6%	1,5%
46-55 ára	457	8,8%	23,4%	13,3%	13,3%	14,2%	9,6%	7,7%	7,9%	1,8%
56-65 ára	399	11,5%	23,1%	11,0%	10,0%	14,5%	10,8%	8,3%	8,0%	2,8%
66 ára og eldri	231	16,9%	19,9%	9,1%	13,9%	12,6%	9,5%	6,5%	7,8%	3,9%
Búseta*										
Höfuðborgarsvæðið	1325	12,2%	22,9%	14,7%	14,7%	14,0%	9,8%	5,5%	4,4%	1,7%
Suðurnes	141	4,3%	13,5%	9,9%	13,5%	13,5%	14,9%	12,1%	13,5%	5,0%
Vesturland/Vestfirðir	147	4,8%	17,0%	6,8%	6,8%	14,3%	19,0%	7,5%	17,0%	6,8%
Norðurland	241	7,5%	18,7%	11,2%	9,5%	16,2%	10,4%	10,4%	10,4%	5,8%
Austurland	80	2,5%	13,8%	8,8%	12,5%	21,3%	11,3%	11,3%	16,3%	2,5%
Suðurland	156	6,4%	21,8%	12,8%	15,4%	14,7%	9,6%	5,8%	10,3%	3,2%
Menntun*										
Grunnskólapróf	379	9,0%	15,6%	11,9%	11,9%	13,7%	14,0%	6,9%	11,6%	5,5%
Starfsnám í framhaldsskóla	186	10,8%	19,9%	9,1%	14,0%	16,1%	10,8%	10,8%	7,0%	1,6%
Framhaldsskólapróf/iðmenntun	647	9,4%	20,4%	12,8%	14,2%	12,4%	11,7%	6,5%	9,0%	4,0%
Háskólapróf	823	9,6%	24,2%	15,1%	13,7%	15,9%	9,6%	6,2%	4,5%	1,3%
Annað	13	7,7%	38,5%	0,0%	15,4%	15,4%	15,4%	7,7%	0,0%	0,0%
Atvinna*										
Launþegi	1306	8,2%	20,8%	14,2%	14,2%	15,3%	10,6%	6,5%	7,8%	2,5%
Atvinnurekandi	260	11,2%	20,8%	13,1%	12,3%	15,0%	11,2%	7,3%	7,7%	1,5%
Nemi	170	7,1%	22,4%	13,5%	12,9%	10,0%	12,4%	8,8%	8,2%	4,7%
Ellilífeyrisþegi	176	19,9%	19,9%	6,8%	12,5%	13,6%	11,4%	5,1%	6,8%	4,0%
Annað	158	12,0%	20,3%	10,8%	12,0%	12,0%	13,3%	9,5%	3,8%	6,3%

* Marktækur munur á milli hópa

Umræða

Niðurstöðurnar má greina niður í fjóra flokka, í fyrsta lagi viðhorf til þjónustu lögreglunnar, í öðru lagi öryggistilfinningu almennings, í þriðja lagi reynslu almennings af afbrotum og í fjórða lagi þjónustu lögreglunnar við þolendur afbrota. Í febrúar 2012 gerði Þjóðarpúls Gallup sína árlegu könnun á trausti til ríkisstofnana. Lögreglan var sem fyrr mjög ofarlega og mældist traustið 83%, sem er ein besta útkoma lögreglunnar síðan Gallup hóf að mæla traust til stofnana árið 1993.

Markmið löggæsluáætlunar er að 90% svarenda telji lögregluna vinna nokkuð eða mjög gott starf. Árið 2010 töldu 86% (+/-1,6 %) svarenda þolendakönnunarinnar að lögreglan ynni mjög eða nokkuð gott starf í hverfi þeirra. Þetta er því lægra en árið 2008 þegar 91,5% (+/- 1,2%) voru þeirra skoðunar. Sé hins vegar eingöngu tekið mið af símakönnunarhlutanum árið 2011 þá töldu 88,2% (+/- 2,3%) að lögreglan ynni mjög eða nokkuð gott starf. Því er ekki hægt að draga þá ályktun að markmiðinu hafi ekki verið náð. Eins og sjá má í töflu 1 hér að neðan þá er á heildina litið um fækkun að ræða frá fyrri könnunum.

Tafla 1. Þjónusta lögreglunnar

Starfsemi	Gagnaveita	Svæði	Markmið 2007	Könnun 2008	Markmið 2008	Könnun 2009	Markmið 2010	Könnun 2011
Viðhorf til þjónustu lögreglunnar								
Hlutfall almennings sem telur lögregluna vinna nokkuð gott eða mjög gott starf <i>Eigið hverfi borgara</i>	Árlegar Þolendakan nanir	Allt landið	90%	87,8%	90%	91,5%	90%	86%

Miklu máli skiptir fyrir lögregluna að hún sé aðgengileg borgurunum hvenær dags sem er, alla daga ársins. Um 68% svarendur telja að lögreglan sé frekar eða mjög aðgengileg samanborið við 77% árið 2008 og 72% árið 2007. Eins og í fyrri könnun þá telja flestir (35%) innbrot vera mesta vandamálið í hverfi þeirra, næst koma umferðarlagabrot (26%), fíkniefnaneysla (12%) og eignarspjöll (12%). Athygli vakti aukning varðandi eignarspjöll og þjófnaði. Innbrot eru þó talin meira vandamál á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum en annars staðar á landinu, eða þar sem umferðarlagabrotin eru meira vandamál. Samkvæmt málaskrá lögreglunnar fækkaði innbrotum og þjófnum árið 2010 í samanburði við árið 2009, en voru hins vegar fleiri en árið 2007 og 2008. Hafa þarf í huga að mikil fjölgun var í þessum brotaflokkum í kjölfar efnahagshrunsins í október 2008 og virðist það vera að ganga til baka (sjá töflu V6 bls. 66 í Afbrotatölfræði ríkislögreglustjórans fyrir árið 2010).

Mikill meirihluti, eða 90,5% (+/- 1,3%), telur sig mjög eða frekar öruggan á gangi í sínu eigin byggðarlagi eftir myrkur. Þetta eru álfika margir og fyrri ár. Markmið löggæsluáætlunar til ársins 2011 er að skapa þannig umhverfi að 95% borgara telji sig frekar eða mjög örugga. Það er nokkuð ljóst að öruggi íbúa hefur ekki breyst mikið milli ára og er nærri markmiðum stjórnvalda.

Spurt var um hvort svarendur teldu sig örugga á gangi í sínu eigin byggðarlagi eftir myrkur og í miðborg Reykjavíkur um helgar. Meirihluti svarenda árið 2007 sagðist mjög eða frekar öruggur í miðborg Reykjavíkur um helgar og það virðist ekki hafa breyst. Um 34,8% (+/- 2,4%) svarenda telur sig frekar eða mjög öruggan í miðborginni sbr. töflu 2. Markmið löggæsluáætlunar var að fjölga þeim sem telja sig örugga í miðborginni þegar myrkur er skolið á um helgar í 45% en það hefur enn ekki tekist. Viðhorf íbúa til öryggismála í miðborginni hefur líklega lítið breyst, þó hugsanlegt sé að fleiri

Íbúar telji sig örugga í miðborginni (símakönnunin sýnir 36,6% +/- 3,2%). Auk þess vekur athygli hve hátt hlutfall íbúa eru óöruggir í miðborginni, eða um helmingur karla og 80% kvenna. Það er einungis yngsti aldurshópurinn þar sem innan við helmingur hópsins telur sig óöruggan í miðborginni ein/einn á gangi þegar myrkur er skolið á eða eftir miðnætti um helgar. Frekari rannsóknir er þó þörf til að kanna þessa þróun frekar.

Tafla 2. Öryggistilfinning

Starfsemi	Gagnaveit a	Svæði	Markmið 2007	Könnun 2008	Markmið 2008	Könnun 2009	Markmið 2011	Könnun 2011
Ótti við afbrot								
Hlutfall almennings sem segist frekar eða mjög öruggur í sínu hverfi <i>Eigið hverfi borgara</i>	Árlegar þolendakannanir	Allt landið	95%	91,5%	95%	91,6%	95%	90,5%
Hlutfall almennings sem segist frekar eða mjög öruggur í miðborg Reykjavíkur um helgar <i>Miðborg um helgar</i>	Árlegar þolendakannanir	Allt landið	40%	32,4%	45%	32,6%	55%	34,8%

Sýnileiki lögreglunnar er hluti af hennar starfi og lögð er áhersla á að hann sé í samræmi við kröfur íbúa. Sýnileiki lögreglunnar á ákveðnu svæði er mikilvægur m.a. vegna þess að hann er talinn geta fælt frá afbrotamenn sem hafa það í hyggju að brjóta af sér á umræddu svæði. Það er þó erfitt að skilgreina mælikvarða fyrir sýnileika, en það getur meðal annars falið í sér aðstoð við borgara, fræðsla í skólum eða að sjá lögreglubifreið ekið um hverfið.

Í þolendakönnuninni er sýnileiki þannig mældur að svarendur eru beðnir að svara því hversu oft þeir sáu lögreglumann eða lögreglubíl í hverfi sínu eða byggðarlagi að jafnaði. Um 17% svarenda sáu lögreglumann eða lögreglubíl í byggðarlagi sínu oft á dag, daglega eða nær daglega, þetta hlutfall var 30% árið 2008 og 32% árið 2007. Breyting varð á þessari spurningu frá árinu 2007 þar sem svarmöguleikinn daglega var bætt við í seinni könnunum. Það er þó svipuð tilhneiging sem kemur fram þar sem eldri svarendur sáu lögregluna sjaldnar en þeir yngri, og höfuðborgarbúar sjaldnar en landsbyggðin. Tæp 10% svarenda segjast aldrei sjá lögreglumann eða lögreglubíl í byggðarlagi sínu, sem var 8% árið 2008. Á Austurlandi sjá um 30% íbúa lögregluna oft á dag, daglega eða nær daglega. Á höfuðborgarsvæðinu sjá einungis um 12% lögregluna oft á dag, daglega eða nær daglega, en þetta hlutfall var 17% árið 2008. Þessar niðurstöður gefa ákveðna mynd af sýnileika lögreglunnar miðað við þær skilgreiningar sem settar eru fram í spurningunni.

Árið 2008 var spurt um þjónustu lögreglunnar almennt þvert á alla brotaflokkum og voru 74,3% svarenda árið 2007 sem tilkynnt höfðu afbrot mjög eða frekar ánægðir með þjónustuna (sjá töflu 3). Í löggæsluáætlun 2007-2011 var lagt upp með að skoða þjónustu lögreglunnar í tilteknum málaflokkum, eins og ofbeldisbrotum, kynferðisbrotum og innbrotum á milli kannana. Ákveðið var hins vegar árið 2008 að einfalda þess útfærslu og spyrja almennt þá sem þurftu á þjónustu lögreglunnar að halda hversu ánægðir eða óánægðir þeir hefðu verið með hana.

Í könnuninni nú voru 76,1% (+/- 3,2%) svarenda frekar eða mjög ánægðir með þjónustuna sem þeir fengu hjá lögreglunni en þetta hlutfall var 79,3% (+/- 2,8%) árið 2008. Meirihluti þeirra sem hafði samskipti við lögregluna á árinu 2010 voru ánægðir með þá þjónustu sem þeir fengu. Það virðist einnig eiga við um fyrri ár. Meiri óánægja var með þjónustu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og á

Suðurnesjum en annars staðar á landinu. Þá voru ellilífeyrisþegar og nemar óánægðari en launþegar og atvinnurekendur.

Tafla 3. Þjónusta vegna afbrota

Starfsemi	Gagnaveita	Svæði	Markmið 2007	Könnun 2008	Markmið 2008	Könnun 2009	Markmið 2010	Könnun 2011
Þjónusta vegna afbrota								
Hlutfall þeirra sem ánægðir voru með þjónustu lögreglunnar	Árlegar þolendakannanir	Allt landið		74,3%		79,3%		76,1%

Þátttakendur voru spurðir út í reynslu af innbrotum/þjófnum, ofbeldi, eignaspjöllum og kynferðisbrotum á síðasta ári. Fram kom að um 10% svarenda höfðu orðið fyrir þjófnaði eða innbroti en það er álíka hátt hlutfall og fyrri ár. Samkvæmt málaskrá lögreglunnar fækkaði innbrotum milli árána 2010 og 2009 en það voru fleiri innbrot árið 2010 (2.866) en árið 2008 (2.731) og árið 2007 (2.277). Þjófnaðir voru einnig fleiri árið 2010 (4.920) samanborið við árið 2008 (4.332) og árið 2007 (3.093). Þeim virðist ekki fjölga sem segjast hafa orðið fyrir innbroti eða þjófnaði þó að upplýsingar um fjölda afbrota úr málaskrá lögreglunnar gefi til kynna aukningu milli ára. Um 3% þátttakenda höfðu orðið fyrir ofbeldisbroti, sem er aðeins lægra hlutfall en árið 2007, þegar 4% sögðust hafa orðið fyrir ofbeldisbroti. Þessi niðurstaða er í samræmi við upplýsingar úr málaskrá lögreglunnar en skráðar líkamsárásir voru færri árið 2010 en meðaltal árána 2007 til 2009. Um 16% svarenda sögðust hafa orðið fyrir eignaspjöllum, s.s. veggjakroti eða skemmdum á bifreiðum, árið 2010 en voru 12% árið 2008 og 15% árið 2007. Samkvæmt málaskrá þá voru eignaspjöllin álíka mörg árið 2010 (3.000) og árið 2008 (3.032) en færri en árið 2007 (3.240). Niðurstöður könnunarinnar bera hins vegar þess merki að eignaspjöll hafi verið svarendum ofarlega í huga á árinu 2010, sem getur einnig stafað af því að tjónið hafi verið meira.

Einungis 0,5% svarenda sögðust hafa orðið fyrir kynferðisbroti, með því var átt við t.d. nauðgun, einstakling sem berar sig fyrir framan aðra, sífjaspell og misnotkun. Árið 2007 sögðust rúmlega 1% svarenda hafa orðið fyrir kynferðisbroti en 0,3% árið 2008. Samkvæmt málaskrá lögreglunnar þá voru færri kynferðisbrot árið 2010 (323) en árið 2007 (349) og árið 2008 (368). Það er þó erfitt að meta fjölda kynferðisbrota hverju sinni því stundum er tilkynnt um slík brot árum eða áratugum síðar. Þolendur kynferðisbrota geta átt erfitt með að deila reynslu sinni og oft á brotið sér stað í nánasta umhverfi og þá getur verið erfitt fyrir brotþola að tilkynna um það til lögreglunnar.

Margar erlendar þolendakannanir gefa til kynna að meirihluti kynferðisbrota er ekki tilkynntur til lögreglunnar og þar með er gerandinn í málinu aldrei kærður. Ef um 0,3% af öllum Íslendingum á aldrinum 18-76 ára urðu fyrir kynferðisbroti á árinu 2008 gerir það um 670 einstaklinga. Um 300 kynferðisbrot voru skráð hjá lögreglunni á árinu 2008. Ef brotið var einu sinni á hverjum þessara 670 einstaklinga voru um 45% af öllum kynferðisbrotum á Íslandi árið 2008 tilkynnt lögreglu. Um 29% þolenda kynferðisbrota sögðust hafa tilkynnt brotið árið 2008 en 37% árið 2007. Þetta hlutfall er 18% árið 2010. Niðurstöður hér benda ekki til óyggjandi niðurstaðna varðandi kynferðisbrot eða sveiflur í tilkynningum þeim tengdum. Rannsóknir á þessu sviði eru erfiðar og munu vera það, öll viðleitni til að bæta þjónustu við brotþola er af hinu góða og þarf viðhorf lögreglu til alvarleika þessa brotaflokks að fá það vægi sem þörf er á.

Meðal svarenda sem höfðu orðið fyrir innbroti eða þjófnaði árið 2010 höfðu 60% tilkynnt brotið til lögreglu. Meðal þolenda ofbeldisbrota árið 2010 tilkynntu 46% brotið til lögreglu. Meðal þolenda eignarspjalla árið 2010 tilkynntu 38% brotið til lögreglu en meðal þolenda kynferðisbrota árið 2010 tilkynntu aðeins 18% brotið til lögreglu. Því má segja að það sé mismunandi eftir brotaflokki hvort brotaþoli tilkynni brotið en það er einnig mismunandi eftir árum. Í þessum þremur könnunum kemur fram auking í tilkynningum er varða ofbeldisbrot og fækkun hvað varðar kynferðisbrot. Tilkynning innbrota/þjófnaða og eignarspjalla nú er álíka og árið 2007 en færri en árið 2008.

Ýmsar ástæður kunna að liggja að baki því hvers vegna brotaþolar innbrota eða þjófnaða eru líklegri til að tilkynna brot en t.a.m. brotaþolar ofbeldisbrota. Meðal þess sem nefnt hefur verið varðandi innbrot og þjófnað er að tryggingarþátturinn valdi því að tilkynningar séu tiltölulega fleiri í þeim brotum. Eignaskemmdir eru að einhverju leyti tryggingamál og því var áhugavert að sjá hversu fáir tilkynntu um þær árið 2007. Hvort þessar sveiflur milli ára, bæði hvað varðar innbrot/þjófnað og eignaspjöll, megi rekja til efnahagsástandsins getur vart staðist, en hugsanlegt er að þessar tilkynningar hafi að gera með hve mikill skaði verður fyrir brotaþola, en þær upplýsingar liggja ekki fyrir úr þessari könnun. Hafa ber í huga að sum eignaspjöll kunna oft að vera minniháttar, eins og lítið veggjakrot, brotin útiljós, skemmdir á gróðri eða rispa á bíl sem fæst ekki bætt, og því ef til vill talið óþarfi að tilkynna lögreglu um slíkt.

Kannanir sem þessar veita stjórnvöldum og stefnumótandi aðilum mikilvægar upplýsingar um stöðu mála og afbrota. Ásamt upplýsingum um tilkynnt brot til lögreglu nýtast þessar upplýsingar við setningu markmiða til að bæta þjónustu lögreglunnar. Árangursstjórnun lögreglunnar felur m.a. í sér endurskoðun og endurmat á áherslum og markmiðum út frá fyrirliggjandi upplýsingum. Með árlegum könnunum er lagður grunnur að söfnun tölfræðilegra upplýsinga sem eru sambærilegar og því verður hægt að leggja mat á þróun afbrota á Íslandi yfir lengri tíma. Það gefur einnig auknar upplýsingar um þann veruleika sem er í gangi í samfélaginu hverju sinni, en þarf þó ekki að endurspeglast í málaskrá lögreglunnar. Heldur er hér um tvær upplýsingaveitur að ræða sem saman geta hjálpað lögreglu að finna hvaða þætti þarf að leggja áherslu á hverju sinni með viðhorf og væntingar landsmanna í huga.

Viðauki

Í þessum viðauka eru spurningar könnunarinnar greindar eftir því hvort um netkönnun eða símakönnun var að ræða. Símakönnunin byggir á hentugleikaúrtaki úr þjóðskrá og gefur því frekar þversnið af þjóðinni en netkönnunin sem byggir á viðhorfahópi Capacent Gallup. Þegar svarendur eru greindir eftir kyni, búsetu og meðalaldri þá var ekki tölfræðilega marktækur munur á svarendum í símakönnun og netkönnun. Menntunarstig svarenda sem tóku þátt í netkönnuninni er hærra en þeirra sem tóku þátt í símakönnuninni, en það er einnig í samræmi við niðurstöður annarra rannsókna, auk þess sem rannsóknir hafa bent til að viðhorf geti verið önnur (Beck, KH, Yan, A.F., og Wang, MQ., 2009, A comparison of web-based and telephone surveys for assessing traffic safety concerns, beliefs, and behaviours. Journal of Safety Research, 40, 377-388). Við mat á því hvort lögregla hafi náð settum markmiðum er tekið tillit til þessa mismunar (sjá umræðu).

Sp. 1. Þegar á heildina er litið, hversu góðu eða slæmu starfi finnst þér lögreglan skila í þínu hverfi/byggðarlagi til að stemma stigu við afbrotum? Finnst þér hún vera að vinna mjög gott starf, nokkuð gott, frekar slæmt eða mjög slæmt starf?

	Sími	Net	Allir
Mjög góðu starfi	26,3%	18,3%	21,9%
Frekar góðu starfi	61,9%	66,0%	64,1%
Frekar slæmu starfi	9,6%	13,2%	11,6%
Mjög slæmu starfi	2,3%	2,4%	2,3%
Alls	100,0%	100,0%	100,0%

Marktækur munur á nethluta og símahluta

Sp. 2. Þegar þú hugsar um aðgengi þitt að lögreglunni, t.d. til að fá upplýsingar, aðstoð eða fræðslu þegar á þarf að halda, hversu aðgengileg eða óaðgengileg finnst þér lögreglan vera í þínu hverfi/byggðarlagi?

	Sími	Net	Allir
Mjög aðgengileg	27,9%	16,6%	21,7%
Frekar aðgengileg	45,6%	46,6%	46,2%
Frekar óaðgengileg	16,8%	26,4%	22,1%
Mjög óaðgengileg	9,7%	10,3%	10,0%
Alls	100,0%	100,0%	100,0%

Marktækur munur á nethluta og símahluta

Sp. 3. Hvaða brot telur þú vera mesta vandamálið í þínu hverfi/byggðarlagi?

	Sími	Net	Allir
Eignaspjöll-skemmdarverk	4,5%	17,7%	11,7%
Umferðarlagabrot	22,9%	28,2%	25,7%
Fíkniefnaneysla	11,4%	12,2%	11,9%
Kynferðisbrot	0,8%	0,8%	0,8%
Þjófnaður	7,2%	8,0%	7,7%
Innbrot	45,9%	25,8%	34,9%
Rán	0,0%	2,1%	1,1%
Fjársvik, svik í viðskiptum	0,1%	1,8%	1,1%
Ofbeldi-líkamsrásir	2,0%	1,4%	1,7%
Hávaði og ölvun	1,4%	0,1%	0,7%
Annað	1,0%	0,7%	0,8%
Ekkert	2,7%	1,4%	2,0%
Alls	100,0%	100,0%	100,0%

Marktækur munur á nethluta og símahluta

Sp. 4. Hversu örugg(ur) eða óörugg(ur) finnst þér þú vera þegar þú gengur ein/einn í þínu hverfi/byggðarlagi þegar myrkur er skolið á? Finnst þér þú vera mjög örugg(ur), frekar örugg(ur), frekar óörugg(ur) eða mjög óörugg(ur)?

	Sími	Net	Allir
Mjög örugg(ur)	59,5%	40,7%	49,4%
Frekar örugg(ur)	31,5%	49,3%	41,1%
Frekar óörugg(ur)	7,0%	7,1%	7,1%
Mjög óörugg(ur)	2,0%	2,8%	2,4%
Alls	100,0%	100,0%	100,0%

Marktækur munur á nethluta og símahluta

Sp. 5. Hversu örugg(ur) eða óörugg(ur) finnst þér þú vera þegar þú gengur ein/einn í miðborg Reykjavíkur þegar myrkur er skolið á eða eftir miðnætti um helgar? Finnst þér þú vera mjög örugg(ur), frekar örugg(ur), frekar óörugg(ur) eða mjög óörugg(ur)?

	Sími	Net	Allir
Mjög örugg(ur)	9,3%	5,2%	7,1%
Frekar örugg(ur)	27,3%	28,1%	27,7%
Frekar óörugg(ur)	28,6%	36,3%	32,6%
Mjög óörugg(ur)	34,8%	30,5%	32,5%
Alls	100,0%	100,0%	100,0%

Marktækur munur á nethluta og símahluta

Sp. 6. Hversu oft, ef einhvern tímann, voru aðstæður þannig hjá þér árið 2010 að þú taldir líklegt að þú yrðir fyrir afbroti hér á landi?

	Sími	Net	Allir
Aldrei	60,5%	44,4%	51,8%
Mjög sjaldan	15,8%	29,6%	23,2%
Frekar sjaldan	15,3%	18,5%	17,0%
Frekar oft	5,5%	6,7%	6,1%
Mjög oft	2,8%	0,9%	1,8%
Alls	100,0%	100,0%	100,0%

Marktækur munur á nethluta og símahluta

Sp. 7. Hvaða afbroti óttaðist þú mest að verða fyrir?

	Sími	Net	Allir
Eignaspjöllum-skemmdarverkum	1,1%	11,8%	7,8%
Kynferðisbroti	3,7%	3,6%	3,6%
Þjófnaði	8,9%	13,5%	11,8%
Innbroti	55,3%	42,9%	47,5%
Ráni	4,0%	2,9%	3,3%
Fjársvikum, svikum í viðskiptum	1,1%	6,1%	4,2%
Ofbeldi-líkamsárás	22,9%	19,1%	20,5%
Annað	2,0%	0,2%	0,9%
Ekkert	0,9%	0,0%	0,3%
Alls	100,0%	100,0%	100,0%

Marktækur munur á nethluta og símahluta

Sp. 8. Varðst þú fyrir einhverju af eftirtöldum brotum árið 2010?

	Innbrot/þjófnaðir		Ofbeldisbrot		Eignaspjöll*		Kynferðisbrot	
	Sími	Net	Sími	Net	Sími	Net	Sími	Net
Já	10,2%	9,8%	3,8%	2,9%	12,5%	18,2%	0,4%	0,6%
Nei	89,8%	90,2%	96,2%	97,1%	87,5%	81,8%	99,6%	99,4%
Alls	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%

*Marktækur munur á nethluta og símahluta

Sp. 10. Hafðir þú samband við lögreglu á árinu 2010 af öðrum ástæðum en nefndar voru hér á undan?

	Sími	Net	Allir
Já	25,3%	25,9%	25,6%
Nei	74,7%	74,1%	74,4%
Alls	100,0%	100,0%	100,0%

Ekki marktækur munur á nethluta og símahluta

**Sp. 11. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varst þú með þá þjónustu sem þú fékkst hjá lögreglu vegna samskipta við hana á síðasta ári?
(ef svarað já við spurningu 9 og 10)**

	Sími	Net	Allir
Mjög ánægð(ur)	47,4%	30,6%	38,4%
Frekar ánægð(ur)	33,9%	41,1%	37,7%
Frekar óánægð(ur)	9,0%	17,5%	13,6%
Mjög óánægð(ur)	9,7%	10,8%	10,4%
Alls	100,0%	100,0%	100,0%

Marktækur munur á nethluta og símahluta

Sp. 12. Hversu oft sérð þú lögreglumann eða lögreglubíl í þínu hverfi/byggðarlagi að jafnaði? (Hér er ekki átt við sýnileika lögreglu t.d. í fjölmiðlum.)

	Sími	Net	Allir
Aldrei	11,8%	8,0%	9,8%
Sjaldnar en mánaðarlega	17,1%	24,3%	20,9%
Einu sinni í mánuði	12,7%	13,4%	13,1%
Tvisvar til þrisvar í mánuði	11,4%	15,2%	13,4%
Vikulega	13,5%	15,5%	14,5%
Tvisvar til þrisvar í viku	11,2%	10,7%	11,0%
Nær daglega	5,3%	8,4%	6,9%
Daglega	12,4%	3,1%	7,4%
Oft á dag	4,6%	1,5%	2,9%
Alls	100,0%	100,0%	100,0%

Marktækur munur á nethluta og símahluta

Spurningalisti

sp1) (Allir, eitt svar)

Þegar á heildina er litið, hversu góðu eða slæmu starfi finnst þér lögreglan skila í hverfi þínu/byggðarlagi til að stemma stigu við afbrotum? Finnst þér hún vera að vinna mjög gott starf, nokkuð gott, frekar slæmt eða mjög slæmt starf?

- 1^í Mjög gott starf
- 2^í Frekar gott starf
- 3^í Frekar slæmt starf
- 4^í Mjög slæmt starf
- 5^í Neitar
- 6^í Veit ekki

sp2) (Allir, eitt svar)

Þegar þú hugsar um aðgengi þitt að lögreglunni, t.d. til að fá upplýsingar, aðstoð eða fræðslu þegar á þarf að halda, hversu aðgengileg eða óaðgengileg finnst þér lögreglan vera í þínu hverfi/byggðarlagi?

- 1^í Mjög aðgengileg
- 2^í Frekar aðgengileg
- 3^í Frekar óaðgengileg
- 4^í Mjög óaðgengileg
- 5^í Neitar
- 6^í Veit ekki

sp3) (Allir, eitt svar)

Hvaða brot telur þú vera mesta vandamálið í þínu hverfi/byggðarlagi? (EKKI LESA VALMÖGULEIKA UPP)

- 1^í Eignaspjöll/skemmdarverk
- 2^í Umferðarlagabrot
- 3^í Fíkniefnaneysla
- 4^í Kynferðisbrot
- 5^í Þjófnaður
- 6^í Innbrot
- 7^í Rán
- 8^í Fjársvik, svik í viðskiptum
- 9^í Ofbeldi/líkamsárásir
- 10^í Annað
- 11^í Neitar
- 12^í Veit ekki

sp4) (Allir, eitt svar)

Hversu örugg(ur) eða óörugg(ur) finnst þér þú vera þegar þú gengur ein/einn í þínu hverfi/byggðarlagi þegar myrkur er skolið á? Finnst þér þú vera mjög örugg(ur), frekar örugg(ur), frekar óörugg(ur) eða mjög óörugg(ur)?

- 1^í Mjög örugg(ur)
- 2^í Frekar örugg(ur)
- 3^í Frekar óörugg(ur)
- 4^í Mjög óörugg(ur)
- 5^í (EKKI LESA UPPHÁTT) Get ekki gengið/ fer aldrei út
- 6^í Veit ekki
- 7^í Neitar að svara

sp5) (Allir, eitt svar)

Hversu örugg(ur) eða óörugg(ur) finnst þér þú vera þegar þú gengur ein/einn í miðborg Reykjavíkur þegar myrkur er skolið á eða eftir miðnætti um helgar?

Finnst þér þú vera mjög örugg(ur), frekar örugg(ur), frekar óörugg(ur) eða mjög óörugg(ur)?

1. Mjög örugg(ur)
2. Frekar örugg(ur)
3. Frekar óörugg(ur)
4. Mjög óörugg(ur)
5. (EKKI LESA UPPHÁTT) Get ekki gengið/ GENG ALDREI Í MIÐBORGinni
6. Veit ekki
7. Neitar að svara

sp6) (Allir, eitt svar)

Hversu oft, ef einhvern tímann, voru aðstæður þannig hjá þér árið 2010 að þú taldir líklegt að þú yrðir fyrir afbroti hér á landi? (Ef aldrei, sleppa spurningu 7.)

1. Aldrei
2. Mjög sjaldan
3. Frekar sjaldan
4. Frekar oft
5. Mjög oft
6. Veit ekki
7. Neitar

sp7) (Ef 2-7 í sp. 6, eitt svar)

Hvaða afbroti óttaðist þú mest að verða fyrir? (EKKI LESA UPP VALMÖGULEIKANA) Sjá lýsingu aftast fyrir spyrja að átta sig á brotaflokkum.

1. Eignaspjöll/skemmdarverk
2. Kynferðisbrot
3. Þjófnaður
4. Innbrot
5. Rán
6. Fjársvik, svik í viðskiptum
7. Ofbeldi/líkamsrásir
8. Annað
9. Veit ekki
10. Neitar

sp8) (Allir)

Varðst þú fyrir einhverju af eftirtöldum brotum árið 2010?

a) Innbroti eða þjófnaði? Með innbroti er átt við að til dæmis sé farið inn á heimili, ökutæki, sumarbústað eða aðrar vistarverur til að stela og með þjófnaði er átt við að til dæmis sé stolið veski, hjóli, eða öðrum verðmætum.

- 1^í Já
- 2^í Nei
- 3^í Veit ekki
- 4^í Neitar

b) Ofbeldisbroti? Með ofbeldisbroti er átt við ofbeldi eða líkamsrás (t.d. ef einhver slær mann með hnefa eða vopni).

- 1^í Já
- 2^í Nei
- 3^í Veit ekki
- 4^í Neitar

c) Eignaskemmdum? Með eignarskemmdum er átt eignaspjöll eða skemmdarverk (t.d. veggjakrot, skemmdir á bifreiðum).

- 1^í Já
- 2^í Nei
- 3^í Veit ekki
- 4^í Neitar

d) Kynferðisbroti? Með kynferðisbroti er átt við t.d. nauðgun eða einstakling sem berar sig fyrir framan aðra (flassar), sífjaspell og misnotkun.

- 1^í Já
- 2^í Nei
- 3^í Veit ekki
- 4^í Neitar

sp9) (Ef já í a) eða b) eða c) eða d) í sp.8)

Tilkynntir þú brotið til lögreglu?

- 1^í Nei, ekkert þeirra
- 2^í Já, innbrotið/þjófnaðinn
- 3^í Já, ofbeldisbrotið
- 4^í Já, eignaskemmdirnar
- 5^í Já, kynferðisbrotið
- 6^í Veit ekki
- 7^í Neitar

sp10) (Allir)

Hafðir þú samband við lögreglu á árinu 2010 af öðrum ástæðum en nefndar voru hér á undan?

- 1^í Já, þá hvers vegna (Fjölsvar)_____
- 2^í Nei
- 3^í Veit ekki
- 4^í Neitar

sp11) (Ef já í 9 eða 10, eitt svar)

Hversu ánægður eða óánægður varst þú með þá þjónustu sem þú fékkst hjá lögreglu vegna samskipta við hana á síðasta ári? (Ef höfð voru samskipti við lögreglu oft á síðasta ári fá þá upplýsingar um síðustu samskipti.)

- 1^í Mjög ánægð/ur
- 2^í Frekar ánægð/ur
- 3^í Frekar óánægð/ur
- 4^í Mjög óánægð/ur
- 5^í Hafði ekki samskipti við lögreglu
- 6^í Veit ekki
- 7^í Neitar

sp12) (Allir, eitt svar)

Hversu oft sérð þú lögreglumann eða lögreglubíl í þínu byggðarlagi að jafnaði? (Hér er ekki átt við sýnileika lögreglu t.d. í fjölmiðlum.)

- 1^í Aldrei
- 2^í Sjaldnar en mánaðarlega
- 3^í Einu sinni í mánuði
- 4^í Tvisvar til þrisvar í mánuði
- 5^í Vikulega
- 6^í Tvisvar til þrisvar í viku
- 7^í Nær daglega
- 8^í Daglega
- 9^í Oft á dag

10^í Veit ekki
11^í Neitar

Bakgrunnsbreytur:

Kyn (fæst úr þjóðskrá)
Búseta (fæst úr þjóðskrá)
Aldur (fæst úr þjóðskrá)
Menntun (spurning úr Gallupvagni)
Starf (spurning úr Gallupvagni)

Nánari lýsing á brotaflokkum fyrir spyrna

Þjófnaður (t.d. stolið veski, hjóli, eða öðrum verðmætum)

Innbrot (farið inn á heimili, ökutæki, sumarbústað eða aðrar vistarverur til að stela)

Rán (t.d. þegar afbrotamaður hótar manni með hnífi til að fá peninga frá manni)

Eignaspjöll/skemmdarverk (t.d. veggjakrot, skemmdir á bifreiðum)

Kynferðisbrot (t.d. nauðgun eða einstaklingur berar sig fyrir framan aðra (flassar), sífjaspell og misnotkun)

Ofbeldi/líkamsárásir (t.d. ef einhver slær mann með hnefa eða vopni)

Fjársvik, svik í viðskiptum (t.d. ef einhver notar blekkingu til að fá fólk til að afhenda peninga svo sem með að selja því ónýta bifreið sem nýja)

Umferðarlagabrot (t.d. of hraður akstur, ölvunarakstur, ófullnægjandi skerming hjólbarða)